

1944 nr. 35 17. júní

Forsetaúrskurður um skjaldarmerki Íslands

Tók gildi 1. desember 1944.

□ Skjaldarmerki Íslands er silfurlitur kross í heiðbláum feldi með eldrauðum krossi innan í silfurlita krossinum. Armar krossanna skulu ná alveg út í rendur skjaldarins á alla fjóra

vegu. Breidd krossmarksins skal vera $\frac{2}{5}$ af breidd skjaldarins, en rauði krossinn helmingi mjórrri, $\frac{1}{5}$ af breidd skjaldarins. Efri reitirnir skulu vera réttthyrndir, jafnhliða ferhyrningar og neðri reitirnir jafnbreiðir efri reitunum, en þriðjungi lengri.

□ Skjaldberar eru hinar fjórar landvættir, sem getur í Heimskringlu: Griðungur, hægra megin skjaldarins, berggrisi, vinstra megin, gammur, hægra megin ofan við griðunginn, og dreki, vinstra megin, ofan við berggrisann.

□ Skjöldurinn hvílir á stuðlabergshellu.